



Frá einum af fundum formanna og starfsmanna málefnaþópa með formanni og varaformanni ÖBÍ

Stóru línurnar

Áhersla formanns frá síðasta aðalfundi hafa einkum falist í baráttu fyrir betri kjörum örorkulífeyrisþega. Þar ber hæst baráttu fyrir hækkuðum bótum almannatrygginga, afnámi krónu-á-móti-krónu skerðingarinnar og leiðréttingu svonefndra búsetuskerðinga. Stjórn Öryrkjabandalags Íslands hefur fundað reglulega frá aðalfundi og fjallað um þessi málefni og fleiri.

Endurskoðun almanna-tryggingakerfisins

Formaður hefur tekið virkan þátt í starfi með stjórnvöldum sem hafa á stefnuskrá sinni að endurskoða almannatryggingakerfið frá grunni. Þar eru að störfum tveir starfshópar á vegum félagsmálaráðherra: Faghópur um starfsgetumat og Samráðshópur um breytt framfærslukerfi.

Þessum málum hefur verið fylgt eftir með fjölbreyttum hætti.

Formaður hefur í því skyni átt fundi með félagsmálaráðherra og forsætisráðherra, hitt þingnefndir, einstaka þingmenn og embættismenn. Einnig hefur formaður átt góða fundi með

forsvarsmönnum verkálýðshreyfingarinnar og er hafið gott samstarf milli ÖBÍ og félaga innan ASÍ. Þá var farið á þingpalla í fjárlagaumræðunni, svo eftir var tekið.

ÖBÍ leggst gegn svonefndu starfsgetumati. Þar sem að stjórnvöld hafa samt sem áður haft slíkt kerfi að leiðarljósi, hefur formaður lagt sig fram um að benda stjórnvöldum á að í fyrsta lagi á endurskoðun almannatryggingakerfisins ekki að hafa nein áhrif á afnám þess óréttlætis sem krónu-á-móti-krónu skerðingin er. Í öðru lagi hefur formaður lagt hart að stjórnvöldum að vinnumarkaðurinn, bæði hinn opinberi og hinn almenni, hefji aðgerðir sem miði að því að tryggja nægt framboð hlutastarfa fyrir fólk með skerta starfsgetu.

Forsætisráðherra tekur undir

Þessu var fylgt eftir á fundi með forsætisráðherra 10. janúar en þar var meðal annars lagt fram minnisblað þar sem segir:



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

„Öryrkjabandalag Íslands óskar eftir því að stjórnvöld marki sér stefnu varðandi atvinnumál fatlaðs fólks. [...] Leggjum við því til að forsætisráðherra setji saman starfshóp þarsem hagsmunasamtök

fatlaðs fólks eigi m.a. sæti. Verkefni hópsins væri að marka stefnu stjórnvalda (Ríkis og sveitarfélaga) varðandi inngildan vinnumarkað, og hvernig Ísland uppfylli alþjóðlegar skyldur sínar í atvinnumálum fatlaðs fólks. Starfshópurinn skili tillögum innan 3ja mánaða.“

Þetta tók forsætisráðherra upp í viðtali í morgunþætti Bylgjunnar og tók undir mikilvægi þess að stjórnvöld brettu upp ermar. Starfshópur yrði skipaður.

Króna-á-móti-krónu

Stjórn ÖBÍ samþykkti í haust heimild til að stefna ríkinu vegna krónu-á-móti-krónu skerðingarinnar. Bent hefur verið á að með þessari grimmu skerðingu séu á bilinu 11-12 milljarðar króna hafðir af örorkulífeyrispegum á ári, fyrir utan allar afleiddar afleiðingar sem af skerðingunni hljóta. Unnið hefur verið ötullega að undirbúningi málsóknar. Það felur meðal annars í sér að finna heppilegan kándídat til að reka slíkt mál með stuðningi bandalagsins.

TR og búsetuskerðingar

Hreyfing er nú loksins komin á búsetuskerðingarnar. Velferðarráðu-neytið hefur fallist á rök ÖBÍ í málinu og viðurkennt að Tryggingastofnun ríkisins hafi hlunnfarið stóran hóp örorkulífeyrispega, um eitt þúsund manns núna, um hálfan milljarð króna á ári.



Jóhanna Þorsteinsdóttir, búsetuskert

Þetta hefur TR gert a.m.k. undanfarinn áratug, sennilega mun lengur. Velferðarráðu-neytið gerir ráð fyrir

það þetta verði leiðrétt fjögur ár aftur í tímann. Öryrkjabandalagið telur að þetta þurfi að leiðrétta tíu ár aftur í tímann og munu fylgja þeirri sjálfsögðu kröfu eftir. Það er samt sem áður fagnaðarefni að héðan í frá verði framkvæmdin af hálfu TR í samræmi við lög og reglur. Á þessum tímapunkti er ekki vitað hvenær TR byrjar að greiða samkvæmt nýjum reiknireglum.

Umboðsmaður fatlaðs og langveiks fólks og starfshópur sem marki stefnu stjórnvalda varðandi hlutastörf fatlaðs fólks hjá hinu opinbera

Á fundinum með forsætisráðherra 10. janúar (sem formaður Þroskahjálpar sat einnig) var m.a. rætt um kjaramál, breytingar á almannatryggingakerfinu, stofnavistastöndir og hve illa fatlað fólk stendur í okkar samfélagi. Forsætisráðherra ræddi málina af einlægni og hlustaði vel á það sem við lögðum fram. Lögð var til stofnun embættis Umboðsmanns fatlaðs og langveiks fólks. Forsætisráðherra tók vel í þá hugmynd. Þá voru atvinnumálin rædd eins og áður var rakið og taldi forsætisráðherra það góða hugmynd að setja á laggirnar starfshóp sem markaði stefnu stjórnvalda varðandi með hvaða hætti þau myndu ganga á undan með góðu fordæmi og skapa hlutastörf fyrir fatlað fólk.

Þá voru ræddar hugmyndir ÖBÍ og Þroskahjálpar um að 2,5 milljarðar króna yrðu settir inn í grunnlífeyri örorkulífeyrispega. Þar með yrði framfærsluuppbótin lækkuð um sömu upphæð. Það yrði skref í þá átt að afnema krónu-á-móti-krónu skerðingar og ætti að auka ráðstöfunartekjur örorkulífeyrispega um sirka 12 þúsund krónur á mánuði.



Frá fundi eins málefnaþópa ÖBÍ.

Öflugt starf málefnaþópanna

Málefnaþópur um atvinnu- og menntamál hefur rætt starfsgetumatið, stöðu á vinnumarkaðinum, eru að skipuleggja vinnudag sem ber vinnuheitið „alls konar störf fyrir alls konar fólk“. Hópurinn skoðar einnig vottun fyrirtækja þar sem fyrirtæki fengju vottun fyrir það að hafa í starfsmannastefnu sinni að ráða starfsmenn með tilliti til margbreytileika samfélagsins og að þau fengju einnig vottun fyrir ráðningar.

Málefnaþópur um málefni barna er að skipuleggja fund með börnum á aldrinum 12-18 ára í mars. Þar munu koma saman fötluð börn, langveik börn, börn sem eiga fatlaða foreldra og systkini langveikra og fatlaðra barna. Hugmyndin er að þeirra raddir fái að heyrast. Hópurinn hefur fjallað um misjafna stöðu barna varðandi hjálpartæki, skóla- og frístundamál. Einnig hefur hópurinn hug á því að opna réttindagátt þar sem réttindum fatlaðra og langveikra barna og foreldra þeirra er safnað saman á einn stað.

Málefnaþópur ÖBÍ um aðgengismál hefur rætt um akstursþjónustu fatlaðra (skilmála þjónustu og fyrirhugað útboð á höfuðborgarsvæðinu), almenningssamgöngur (aðgengi að áætlanarbílum og flugrútu, strætó og biðstöðvar), aðgengiseftirlit (þrýstingur á stjórnvöld, fyrirkomulag aðgengiseftirlits ÖBÍ), flugmál (meðferð hjálpartækja, þjónusta

við farþega, aðgengi að salernum), aðgengi að upplýsingum, göngugötur í Reykjavík, vinna við leiðbeiningar um aðgengi að viðburðum, samvinna við Þjóðleikhúsið um opnun nýrrar lyftu, vinna við umsagnir, svo sem um breytingar á byggingarreglugerð, breytingu á umferðarlögum. Þá hefur hópurinn í undirbúningi að hefja aðgengisáttak og stendur til að auglýsa eftir tveimur starfsmönnum til að sinna málinu tímabundið í sex mánuði.

Málefnaþópur ÖBÍ um heilbrigðismál stóð fyrir málþinginu *Er gætt að geðheilbrigði* sem haldið var á Grand hóteli í Reykjavík 20. nóvember. Málþingið var vel sótt og fékk nokkra athygli. Því var jafnframt streymt beint á vefnum. Hópurinn hefur frá aðalfundi fjallað um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu, hjálpartækjamál (m.a. þátttöku í starfshópi heilbrigðisráðherra), geðheilbrigðismál, tannlæknakostnaður lífeyrisþega.

Sem fyrir hefur formaður sent Alþingi og öðrum opinberum aðilum umsagnir um mikilvæg mál sem hafa verið í undirbúningi/umræðu. Hæst ber ítarleg umsögn um frumvarp til fjárlaga og umsagnir til annars vegar velferðarráðuneytisins um drög að leiðbeiningum um úthlutun félagslegs húsnæðis, og ítarlega umsögn til Reykjavíkurborgar um drög



að úthlutunarreglum um félagslegt húsnæði. Um þá síðast nefndu má hafa þau fáu orð að regludrögin fá algjöra falleinkunn hjá bandalaginu.



Málefnaþópur um sjálfstætt líf hefur einkum fylgst með framkvæmd nýju laganna. Álit hópsins er að sveitarfélögin fari ekki alltaf eftir bókstaf laganna. Þópurinn tekur einnig eftir stefnuleysi stjórnvalda í málaflokknum. Útkoman úr því stefnuleysi varð sem dæmi samþykkt frumvarps sem heimilaði í

raun frekari stofnanavæðingu í málaflokknum, með því að heimila stofnanavistun fyrir fólk undir 67 ára aldri. Þópurinn hefur einnig unnið að kynningum og málfundum um sjálfstætt líf.



Fjölbreyttir viðburðir

Formaður hefur komið fram á ýmsum viðburðum, bæði á vegum ÖBÍ, aðildarfélaga og fleiri. Þannig hefur formaður t.d. sótt heim bæði formlega og óformlega, ADHD samtökin, Félag Heyrnarlausra, Geðhjálp og Heilaheill, HIV-samtökin svo dæmi séu tekin. Formaður tók þátt í afhendingu Hvatningarverðlauna ÖBÍ 3. desember, flutti erindi hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, þar sem áhersla var lögð á sjálfstætt líf, verið í hópi frummælenda á ráðstefnu velferðarráðuneytisins

um Tímamót í velferðarþjónustu, á vel sóttu sameiginlegu málþingi stéttarfélagsins Eflingar sem haldið var í Gerðubergi og svo má nefna Klausturmálið svonefnda. ÖBÍ lá ekki á liði sínu þegar það mál kom upp. Bæði hafa miðlar bandalagsins verið nýttir til að vekja athygli á málinu, þá tók formaður þátt í fjölda fundi á Austurvelli og flutti þar ræðu um viðhorf ráðamanna, sem var vel tekið og vakti mikla athygli víða.

Þá hefur formaður tekið þátt í erlendu samstarfi og



meðal annars svarað spurningum erlendis frá, þ.m.t. í tengslum við Klausturmálið. Komið fram á Seminarinu um atvinnumál fatlaðs fólks á Norðurlöndunum sem haldið var í Uppsala í Svíþjóð og haldið erindi á vinnufundi nokkurra fulltrúa Evrópuþingsins í Brussel.



Þið kannist við jólaköttinn

Bandalagið stóð fyrir herferð til að vekja athygli á kjörum örorkulífeyrisþega í aðdraganda hátíðanna. Yfirskriftin var „Þið kannist við jólaköttinn“. Talið var niður til jóla á facebook síðu bandalagsins með því að birta staðreyndir um aðstæður öryrkja, með stuðningi í þekktum jólalögum, í kaldhæðnu



ljósi. Þessu var fylgt eftir með samlesnum útvarpsauglýsingum á Rás1&2 í Ríkisútvarpinu undir yfirskriftinni „Jóladagatal

Öryrkjabandalags Íslands“.

Forystumenn Öryrkjabandalagsins hafa lagt sig fram um að fylgja baráttumálum bandalagsins eftir hjá almenningi. Þetta hefur bæði verið gert í gegnum fjölmiðla og miðla bandalagsins, vefinn obi.is og samfélagsmiðla.

Fólk leitar mikið til skrifstofu ÖBÍ, bæði til ráðgjafa, en einnig í gegnum síma og með því að senda skilaboð um facebook síðu bandalagsins. Leitast er við að svara öllum erindum strax og aðstoða fólk eftir því sem við á.

Ráðamenn leiðréttir

Það hefur mikið borið á stórkallalegum yfirlýsingum ráðamanna um málefni okkar fólks. Þannig hefur forsætisráðherra fullyrt að framlög til örorkulífeyrisþega hafi verið aukin um níu milljarða króna frá því að ríkisstjórn hennar tók við. Þetta var ítarlega og ítrekað leiðrétt opinberlega. Sama á við um yfirlýsingar fjármálaráðherra um kjarabætur örorkulífeyrisþega, þar sem leiðrétting ÖBÍ varð fréttafni og eins yfirlýsingar sama ráðherra, félagsmálaráðherrans og einstakra þingmanna um fjölgun öryrkja. Svona ummæli og rangfærslur hefur bandalagið lagt sig fram um að leiðrétta kerfisbundið og með áberandi hætti.



Kynningarmál og fjölmiðlar

Öryrkjabandalagið á nú í viðræðum við auglýsingastofnuna Brandenburg um herferð til að breyta viðhorfum almennings til fatlaðs og langveiks fólks, sem í daglegu tali nefnast öryrkjar.

Öryrkjabandalagið heldur úti vefsíðunni obi.is. Hún hefur tekið smávægilegum breytingum á undanförunum vikum og frekari breytingar eru framundan. Þá rekur bandalagið síðu á facebook. Þar hefur fylgjendum fjölgað til muna síðasta misserið og eru nú um 8.400. Síðan er nýtt til að koma á framfæri fréttum sem varða bandalagið, aðildarfélag eða hagsmuni fólks almennt, líkt og í tengslum við skattamál, auk þess að miðla fræðslu um hvaðeina og fleira.

Sett var upp sérstök upplýsingasíða á www.obi.is um búsetuskerðingar TR þar sem leitast er við að svara spurningum.

Á vefsíðu ÖBÍ eru einstakar fréttir með því mest lesna, en einnig er fólk mjög mikið að afla sér upplýsinga um húsnæðismál.

Formaður leggur ríka áherslu á að bandalagið sé sýnilegt í fjölmiðlum. Sýnilegar framfarir í þeim efnum. Þegar farið er yfir fjölmiðlaskýrslu síðasta árs

frá Creditinfo kemur í ljós að heldur fleiri fréttir hafa verið skrifaðar í fjölmiðlum um ÖBÍ, baráttu- og hagsmunamál bandalagsins árið 2018, en árið á undan. Þannig voru 550 fréttir af bandalaginu birtar í fyrra á móti 413 árið á undan.

Það er aðeins Rauði kross Íslands sem fær veglegri umfjöllun í fjölmiðlum en ÖBÍ, þegar litið er til starfsemi í mannúðar- og velferðarmálum.

Þess utan hefur formaður, og raunar aðrir forystumenn bandalagsins líka, tekið þátt í fjölmörgum spjallþáttum og sérstökum viðtölum um málefni ÖBÍ. Nefna má Kastljós í sjónvarpinu, Vikulokin, Sprengisand, Silfrið og fleira.

**Sett var upp sérstök upplýsinga-
síða á www.obi.is um
búsetuskerðingar TR
þar sem leitast er við að svara
spurningum sem upp koma.**